

Mánudaginn 18. mars 2024 var haldinn almennur félagsfundur og var hann haldinn í sal Rauðakrossins og hófst hann kl. 19:30.

Eiður Stefánsson formaður félagsins setti fundinn og bauð hann fundarmenn velkomna.

Byrjað var á kosningu starfsmanna fundarins.

Fundarstjóri: Halldór Óli Kjartansson. Samþykkt.

Fundarritari: Stefanía Árdís Árnadóttir. Samþykkt.

Dagskrá:

Halldór Óli byrjaði á að fara yfir að fundurinn er bæði í staðfundi og fjarfundi. Fundurinn er einnig tekinn upp og verður birtur á helstu veitum félagsins.

Halldór Óli kynnti ræðumenn kvöldsins Eið Stefánsson formann félagsins og Róbert Farestsveit hagfræðing hjá ASÍ.

Eiður fór yfir og kynnti á nýgerðan kjarasamningi SA/FA/LÍV/VR.

Róbert fór yfir forsenduákvæðin.

- Framleiðniauki og kauptaxtaauki.
- Hófstílltar launhækkunir en miklar kjarabætur.
- Sköpun á kaupmátt - breytingar á barnabótakerfi, hækkun húsnæðisbótum, lækkun opinberrar gjaldskrár., hækka hámarksgr. fæðingarorlofsj., skólamáltíðir ókeypis o.fl.

Halldór Óli þakkaði þeim báðum fyrir yfirferðina og opnaði fyrir spurningar.

Góðar umræður sköpuðust um kjarasamninginn. Margar og góðar spurningar komu.

- Fyrir næstu samninga þá þarf að gera meira fyrir fólk sem er búíð að vera lengi á sama vinnustað (10 ár +) hugmynd að það sé 1% launahækkun fyrir hvert starfsár umfram 10 árin.

Halldór Óli þakkaði góðar umræður og bauð næsta ræðumann velkominn, María Rut starfsmaður félagsins kynnir fyrirkomulag atkvæðagreiðslunnar og sýnir hvar félagsfólk getur nálgast upplýsingarnar af fundinum, bæði kjarasamningana og reiknivél.

Orðið er laust en engin önnur mál komu upp.

Halldór Óli þakkar fyrir sig og gefur formanni orðið.

Eiður Stefánsson þakkar fundargestum, stafsmönnum fundarins og Róberti Farestsveit fyrir fundinn.